

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Breiðhella 2.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 20. janúar 2010 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Breiðhella 2. Breytingin felur í sér að lóð stækkar um 48 m<sup>2</sup> og byggingarreitur er stækkaður fyrir þremur 5 m háum sílóum á þeim hluta lóðarinnar sem er stækkaður. Heimilt er að reisa skýli til að verja sílóin. Stærð lóðar er 4.967,7 m<sup>2</sup> eftir stækkun og nýtingarhlutfall helst óbreytt.

Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 8. febrúar 2010,*

**Anna Sofia Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 19. febrúar 2010